



385. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 15. nóvember 2011. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Þuríður Backman, Valgerður Bjarnadóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigurður I. Jóhannsson, Ólafur Ö. Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Almennagjá

Þjóðgarðsvörður lagði fram minnisblað unnið af Hjörleifi Stefánssyni: Gönguleið um Kárastaðastíg, dags. 8.11.2011 þar sem reifaðir eru fjórir möguleikar um verklag við val á hönnuðum v/Almennagjár:

- 1) Opin hugmyndasamkeppni AÍ, tímarammi 13-16 vikur, kostnaður 5-10 mkr., óvissa með fullnaðarhönnun og verklok í fyrsta lagi seinni hluta næsta árs.
- 2) Framkvæmdasamkeppni AÍ, tímarammi 13 vikur, kostnaður 5-10 mkr., óvissa með fullnaðarhönnun og verklok seinni hluta næsta árs.
- 3) Lokuð framkvæmdasamkeppni 5-6 hönnuða, tímarammi 8 vikur, kostnaður 3,5 mkr., óvissa með fullnaðarhönnun og verklok í maí.
- 4) Samið við hönnuði, tímarammi 6 vikur, kostnaður 1,5 mkr., fullnaðarhönnun 2 vikur og verklok í maí.

Ofangreindir möguleikar voru ræddir og komu m.a. þau sjónarmið fram að tryggja þyrfti að Almennagjá yrði opnuð fyrir háannatíma ferðamanna næsta sumar, framkvæmdir verði afturkræfar, halda þyrfti kostnaði við hönnunin í skefjum, farið yrði að leikreglum um samkeppni og að slík samkeppni verði sem opnust fyrir þátttakendur.

Samþykkt að tillögu Valgerðar að nefndin hittist að nýju n.k. mánudag og greiði atkvæði um tillögurnar.

Hugmyndaleit, úrvinnsla

Lagt fram minnisblað þjóðgarðsvarðar, dags. 9. 11. 2011. Þjóðgarðsvörður leggur til að tillögur úr hugmyndaleitinni verði flokkaðar niður í fjóra flokka:

- 1) Tillögur sem falla að fimm meginviðfangsefnum framkvæmda og fyrirætlana ÞVN. Bygging og staðsetning veitingahúss, hótels eða ráðstefnuhúss, skipulag og uppbygging stíga- og samgöngukerfis, gerð verndaráætlunar, bygging og staðsetning gesta- og fræðslustofu og skráning og merking fornminja í þjóðgarðinum.
- 2) Tillögur um afmörkuð og framkvæmdanleg verkefni sem koma til álita án þess að hafa mikil áhrif á meginskipulag þjóðgarðsins.
- 3) Tillögur almenns eðlis um ásýnd og hlutverk þjóðgarðsins, fela ekki í sér framkvæmdir.
- 4) Tillögur sem ekki eru raunhæfar og samræmast illa stefnumótun þjóðgarðsins.

Þjóðgarðsvörður leggur til að leitað verði til ráðgjafastofu Alta um flokkun hugmyndanna fyrir þjóðgarðinn. Samþykkt.

2. Heimsminjaskrá UNESCO

Formaður og þjóðgarðsvörður skýrðu frá fundi sem þau áttu með heimsminjanefnd 14. nóvember s.l., þar sem kynnt voru drög að nýjum lista yfir möguleg svæði á tilnefningarskrá UNESCO sem fyrirhugað er að skila til ríkisstjórnarinnar 1. febrúar 2012.

Á listanum eru:

- Þingvallasvæðið - náttúruminjar
- Torhúsaarfur á Íslandi
- Torfajökulsvæðið
- Vatnajökulspjóðgarður
- Arfur minja og menningar frá víkingatíma.

3. Verndaráætlun Þingvallavatns og vatnasviðsins

Niðurstöður vöktunar á Þingvallavatni sýna m.a. að rýni í vatninu fer minnkandi sem gæti verið vísbending um lífræna mengun af völdum fosfórs og/eða niturs. Reglugerð um fráveitur hefur ekki verið fylgt eftir með útgáfu gátlista af hálfu Umhverfisstofnunar og frestir til úrbóta verið framlengdir. Auk fráveitu frá sumarhúsum og býlum við vatnið getur fosfór- og niturmengun stafað m.a. af aukinni umferð og áburðarnotkun. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að mati formanns að Náttúrustofa Kópavogs sem annast vöktun Þingvallavatns endurmeti aðferðafræði vöktunarinnar. Mikilvægt sé jafnframt að hefja undirbúning að gerð heildstæðrar verndaráætlunar fyrir Þingvallavatn og vatnasvið þess, en það er kostnaðarsöm framkvæmd, sem yrði gerð á vegum Umhverfisstofnunar.

Þingvallanefnd samþykkir að leita eftir samvinnu við sveitarfélögin, Vegagerðina, ábúendur, orkufyrirtækin, viðkomandi ráðuneyti og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um undirbúning að gerð verndaráætlunar fyrir Þingvallavatn og vatnasviðið. Þjóðgarðsverði falin framkvæmdin.

4. Gjábackaland

Þjóðgarðsvörður skýrir frá því að Vegagerðin hafi beðist afsökunar á því að vegurinn úr þjóðgarðinum upp á gamla Gjábackavegin var rofinn án heimildar. Ýmis önnur atriði þarf að skoða í Gjábackalandi og var samþykkt að fela Sigurði Inga að vera tengiliður nefndarinnar ásamt þjóðgarðsverði til að vinna áfram að þessum málum.

SIJ fer af fundi kl. 17:30.

5. Önnur mál

- a) Hraunstígur 1. Lagfærðar teikningar, búið er að fjarlægja lítinn skúr. Samþykkt.
- b) Þjóðgarðsvörður upplýsti um óhapp sem varð í Silfru þegar kafara hlekkist á en reyndist ekki alvarlegt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:40.

